



Fundur í velferðar- og fræðslunefnd

2. fundur velferðar- og fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 27. október 2022 kl. 15:00.

Mætt voru: Sigríður Friðný Halldórsdóttir formaður, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Jóhann Hafberg Jónasson, Þórarinn J. Þórisson og Björn S. Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu undir lið 1 – 6 um fræðslumál eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Skólastjóri Grunnskólans Hilma Steinarsdóttir, skólastjóri leikskólans Barnaból Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, fyrir kennara leikskólans Hjördís Matthilde Henriksen, Lára Björk Sigurðardóttir fyrir kennara leikskólans.

Á fundinn kom einnig Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson vegna 2. og 3. liðs undir dagskrárliðum um velferðarmál og Jón Gíslason formaður félags eldri borgara til viðræðna vegna 4 liðs.

Formaður setti fund og stjórnaði. Hún spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð og dagskrá. Svo var ekki og því var gengið til dagskrár.

Fundargerð

Fræðslumál

1. Fræðslusamningur Heimilis og skóla við sveitarfélög dags 20.09.2022

Samningurinn lagður fram til kynningar

Bókun um afgreiðslu: Nefndin óskar upplýsingum frá „Heimili og skóli“ um kostnað á námskeiðum

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 20. samráðsfundar þar sem ekki eru skólaskrifstofur

Fundargerðin lögð fram

Bókun um afgreiðslu: Nefndin óskar eftir því að 1. liður fundargerðinnar, samvinna eftir skilnað verði auglýstur á heimasíðu Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

3. Rekstraryfirlit grunnskóla. Starfsmannamál, framkvæmdir, viðhald.

Skólastjóri grunnskóla fór yfir rekstraryfirlit, starfsmannamál, fjárfestingar og viðhald húsnæðis

4. Rekstraryfirlit leikskóla Starfsmannamál, framkvæmdir, viðhald.



Skólastjóri leikskóla fór yfir rekstraryfirlit, starfsmannamál, fjárfestingar og viðhald húsnæðis

5. Umbótaáætlun vegna ytra mats grunnskóla

Skólastjóri grunnskólans leggur fram umbótaáætlun vegna ytra mats grunnskóla.

Bókun um afgreiðslu: Umbótaáætlun yfirfarin af skólastjóra með nefndinni. Vinnan við áætlunina vel á veg komin og nefndin lýsir yfir ánægju sinni með hana. Skólastjóra falið að senda umbótaáætlunina til Menntamálastofnunar sem óskar eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru.

Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

- a) Óskað er eftir að Jón Höskuldsson fræðslustjóri Norðurþings mæti á fund nýrrar fræðslunefndar til að kynna starf fræðslustjóra á samstarfi við Langanesbyggð.
- b) Formanni nefndarinnar falið að hafa samband við Gunnar Gíslason skólaráðgjafa sveitarfélagsins um stöðu á vinnu við nýja skólustefnu.

Velferðarmál

1. Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu – samþykktur

Lagður fram samningur um umdæmisráð barnaverndar á landsvísu sem samþykktur var af sveitarstjórn.

2. Aðgengismál í Langanesbyggð

Aðgengisfulltrúar, Þórarinn J. Þórisson og Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson lögðu fram skýrslu um aðgengismál í Langanesbyggð.

Bókun um afgreiðslu: Aðgengisfulltrúa falið að sækja um styrk í sjóð um aðgengismál fatlaðra á grundvelli úttektar sem gerð hefur verið á vegum sveitarfélagsins. Kostnaðaráætlun lögð fram með umsókn vegna hvers liðar í umsókninni.

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi til nefndarinnar um Ungmennaráð.

Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson íþróttfulltrúi mætir á fundinn og gerir grein fyrir tillögu að stofnun ungmennaráðs samkvæmt erindi frá UNICEF og drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur undir erindi um að koma á laggirnar ungmennaráði og leggur til við sveitarstjórn að hún taki málið til umræðu ásamt því að samþykkja erindisbréf fyrir ungmennaráð.

Samþykkt samhljóða



4. Viðræður við formann félags eldri borgara

Jón Gíslason formaður félags eldri borgara mætti á fundinn til viðræðna við nefndina.

Formaður ásamt tómsfundafulltrúa fara yfir starfsemi félagsins í vetur. Umræður um hvernig sveitafélagið getur stutt við starfsemi félagsins. Formanni falið að koma punktum áfram til sveitarstjórnar.

5. Önnur mál

- a) Tannlæknaþjónusta í Langanesbyggð, til umræðu.

Formanni falið að senda erindi á HSN og spyrja nánar út í leigu á aðstöðu á Þórshöfn.

- b) Félagsmiðstöð ungmenna

Umræða um húsnæðisskort fyrir starfsemina. Ákveðið að taka málið upp að nýju á næsta fundi nefndar og Sigurbjörn tómsfundafulltrúi verði boðaður á fundið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 17:10